

# Lífeyris- sjóðurinn þinn

Lifðu vel og lengi



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

Sætúni 1 • 105 Reykjavík  
Sími 563 6450 • Fax 563 6401  
Heimasíða: [www.ll.is](http://www.ll.is)

HYTA HUGSI / SIA / 5777 / SVANSPIRIT / LÖSKA: NORDIC PHOTOS



Upplýsingarit um lífeyrismál



## EFNISYFIRLIT

Hlutverk lífeyrissjóða .....	2
Þriggja stöða lífeyriskerfi .....	3
Ellilífeyrir .....	4
Örorkulífeyrir .....	4
Makalífeyrir .....	6
Barnalífeyrir .....	6
Skipting ellilífeyrisréttinda milli hjóna .....	7
Réttindi í mörgum lífeyrissjóðum .....	8
Skattlagning iðgjalda og lífeyris .....	9
Viðbótarlífeyrissparnaður .....	10
Skyldutrygging lífeyrisréttinda .....	12
Mismunandi réttindakerfi .....	13
Landssamtök lífeyrissjóða .....	15
Skrá yfir lífeyrissjóði .....	16

Landssamtök lífeyrissjóða stóðu að gerð þessa upplýsingarits, sem fjallar um lífeyrismál. Ritinu er ætlað að upplýsa sjóðfélaga lífeyrissjóða um réttindi þeirra og landsmenn almennt um lífeyrismál.

Heimilt er að vitna í efni ritsins sé heimildar getið.

## Hlutverk lífeyrissjóða

**Hlutverk lífeyrissjóða** er að tryggja sjóðfélögum sínum ellilífeyri til æviloka og veita þeim og fjölskyldum þeirra tryggingu fyrir tekjumissi af völdum starfsorkumissis og andláts.

### Ellilífeyrir til æviloka

Lífeyrissjóðirnir greiða sjóðfélögum ellilífeyri til æviloka í hlutfalli við greidd iðgjöld á starfsævinni og gera þeim kleift að njóta fjárhagslegs öryggis á efri árum.

### Trygging vegna starfsorkumissis

Ef sjóðfélagi missir starfsgetu vegna slyss eða veikinda sem leiðir til þess að hann verður óvinnufær, greiðir lífeyrissjóðurinn honum örorkulífeyri. Auk áunninna réttinda er líka mögulegt að sjóðfélaginn fái greiddan örorkulífeyri miðað við framreikning, en það þýðir að hann fær réttindi eins og hann hefði greitt iðgjald fram að ellilífeyrisaldri. Barnalífeyrir er einnig greiddur börnum örorkulífeyrisþega.

### Trygging vegna andláts

Lífeyrissjóðirnir greiða maka- og barnalífeyri til þess að milda fjárhagslegt áfall fjölskyldunnar þegar sjóðfélagi fellur frá. Makalífeyrir flestra lífeyrissjóða byggir á framreikningi réttinda við ákveðin skilyrði.

**Starfsemi lífeyrissjóðs** skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná fram þessum markmiðum.

### Verðtrygging lífeyris

Lífeyrir flestra lífeyrissjóða er verðtryggður og breytist mánaðarlega til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Hjá sumum sjóðum reiknast lífeyrir sem hlutfall af launum.

### Lán lífeyrissjóða til sjóðfélaga

Flestir lífeyrissjóðir veita sjóðfélögum sínum hagstæð lán gegn veði í fasteign. Lánin eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Lántökuskilyrði, fjárhæðir, lánstími og vextir eru hins vegar nokkuð mismunandi milli sjóða.

## Þriggja stoða lífeyriskerfi

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er byggt upp á þremur meginstoðum í samræmi við sambærileg lífeyriskerfi í Evrópu og N-Ameríku. Alþjóðabankinn hefur lagt til að hið svokallaða þriggja stoða kerfi í lífeyrismálum skuli tekið upp sem víðast. Þessar þrjár stoðir eru:

### Fyrsta stoð

#### Almannatryggingakerfið

*Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga* eru að fullu fjármagnaðar með samtímasköttum, svokallað gegnumstreymiskerfi. Um er að ræða lífeyriskerfi á vegum þess opinbera sem allir landsmenn eiga aðild að. Almannatryggingar greiða grunnlífeyri eða tekjutengdan lágmarkslífeyri. Meginmarkmið þessa kerfis er tekjujöfnun og samtrygging allra landsmanna.

### Önnur stoð

#### Lífeyrissjóðirnir

*Lífeyrissjóðakerfið* byggir á skylduaðild allra starfandi manna og er undir opinberu eftirliti. Lífeyrissjóðirnir byggja á sjóðsöfnun, þ.e. meginmarkmið kerfisins er sparnaður til að standa undir ævilöngum ellilífeyri og samtryggingu sjóðfélaga vegna starfsorkumissis eða andláts.

### Þriðja stoð

#### Viðbótarlífeyrissparnaður

*Fjáls einstaklingsbundinn sparnaður* með fullri sjóðsöfnun. Meginmarkmið hans er sparnaður til ellíarána og einstaklingsbundin réttindi.



## Ellilífeyrir

Flestir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði miða töku ellilífeyris við 67 ára aldur. Hjá nokkrum sjóðum miðast þó hinn almenni ellilífeyrisaldur við 65 ára aldursmarkið. Ellilífeyrir er borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka.

### Sveigjanleg starfslok

**Hægt er að flýta töku ellilífeyris:** Þrátt fyrir að taka ellilífeyris hjá lífeyrissjóðum miðist annað hvort við 65 eða 67 ára aldur þá er almennt heimilt að hefja töku hans fyrr eða allt frá 62 ára aldri og lækkar hann þá fyrir hvert ár sem töku hans er flýtt. Þessar reglur eru þó mismunandi hjá lífeyrissjóðunum.

**Einnig er hægt fresta töku ellilífeyris:** Sjóðfélagi getur tekið ákvörðun um að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá lífeyririnn fyrir hvert ár sem töku hans er frestað.

Reglur um flýtingu eða frestun á töku ellilífeyris eru þannig reiknaðar að sjóðfélaginn á hvorki að hagnast né tapa í því að taka lífeyri fyrr eða seinna.

### Viðbótarlífeyrissparnaður

Bent er á kaflann um viðbótarlífeyrissparnað á bls. 10. Viðbótarlífeyrissparnaður er til frjálsrar ráðstöfunar eftir að einstaklingur hefur náð 60 ára aldri og þá ekki á skemmri tíma en sjö árum eða þar til hann hefur náð 67 ára aldri. Viðbótarlífeyrissparnaður er mjög hagkvæm leið fyrir sjóðfélaga, sem vilja hækka tekjur við starfslok, hætta fyrr eða draga úr vinnu áður en hinum almenna ellilífeyrisaldri er náð.

## Örorkulífeyrir

### Skilyrði örorkulífeyris

**Starfsorkumissir:** Það skilyrði er sett hjá lífeyrissjóðunum fyrir örorkulífeyri að sjóðfélaginn hafi orðið fyrir slysi eða sjúkdómi sem skerðir getu hans til að gegna því starfi sem veitti honum aðild að lífeyrissjóðnum og að hann hafi sannanlega orðið fyrir tekjumissi af völdum starfsorkumissis.

Miðað er við að starfsorkumissir sé a.m.k. 50% eða meira og að sjóðfélaginn hafi greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár.

Fyrstu þrjú árin skal mat starfsorkumissis aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum. Sé sjóðfélaginn að loknum þremur árum vinnufær til almennra starfa falla bæturnar niður.

Þannig getur t.d. sjómaður sem slasast verið ófær að vinna framvegis á sjó, en hann gæti hins vegar hugsanlega unnið öll algeng verkamannastörf í landi.

**Endurhæfing:** Örorkulífeyrir lækkar eða fellur niður ef örorkan minnkar eða hverfur. Örorkulífeyrir er greiddur þar til ellilífeyrisaldri er náð en þá breytist hann í ellilífeyri. Lífeyrissjóður getur gert þá kröfu til lífeyrisþega að hann fari í endurhæfingu og á það bæði við þegar sótt er um örorkulífeyri og við endurmat á starfsgetu hans.

### Upphæð örorkulífeyris – framreikningur

Upphæð örorkulífeyris fer eftir þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér hjá sjóðnum, auk þeirra réttinda sem hann hefði áunnið sér hjá sjóðnum ef hann hefði greitt iðgjald til 65 eða 67 ára aldurs. Er þá m.a. miðað við greiðslur hans til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár af síðustu fjórum árum fyrir slys eða sjúkdóm. Ekki er um framreikning að ræða ef rekja má missi starfsorkunnar til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Eigi sjóðfélaginn hins vegar ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunnin réttindi.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði, t.d. allt að 24 mánuði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur greiðslu iðgjalda að nýju.

### Réttur til örorkulífeyris miðast við tekjuskerðingu sjóðfélagans

Samkvæmt reglum lífeyrissjóðanna stofnast því aðeins réttur til örorkulífeyris að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum starfsorkumissisins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir frá lífeyrissjóðunum vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almanna-tryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar.

## Makalífeyrir

### Skilyrði makalífeyris

Makalífeyrir greiðist til eftirlifandi maka við andlát sjóðfélaga. Maki telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð.

### Upphæð makalífeyris – framreikningur

Upphæð makalífeyris fer eftir þeim réttindum sem sjóðfélagi hafði áunnið sér fyrir andlátið, auk þeirra réttinda sem hann hefði áunnið sér hjá sjóðnum, ef hann hefði greitt til 65 eða 67 ára aldurs.

Til þess að réttur til framreiknings geti myndast þarf sjóðfélagi að hafa greitt til lífeyrissjóðs a.m.k. 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum og 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum fyrir andlátið. Makalífeyrir er einnig greiddur ef sjóðfélaginn naut elli- eða örorkulífeyris við andlátið.

### Lengd makalífeyris

Óskertur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í tvö ár. Hafi eftirlifandi maki börn sem eru yngri en 18 ára á framfæri sínu er greiddur óskertur makalífeyrir þar til yngsta barnið hefur náð 18 ára aldri. Hjá sumum sjóðum er makalífeyrir greiddur lengur vegna aldurs yngsta barnsins. Ef eftirlifandi maki er öryrki við andlát sjóðfélagsins og yngri en 67 ára skal óskertur makalífeyrir greiddur meðan sú örorka varir. Hjá nokkrum lífeyrissjóðum er fullur eða skertur makalífeyrir greiddur til æviloka. Makalífeyrir fellur þó niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar eða staðfestrar samvistar.

## Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er greiddur ef sjóðfélaginn hefur greitt í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum fyrir andlát, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings. Börn sjóðfélagsins og kjörbörn eiga rétt á barnalífeyri til 18 ára aldurs.

Litið er á stjúpbörn og fósturbörn sem börn sjóðfélagsins enda hafi hann framfært þau um árabíl.

Upphæð barnalífeyris er almennt ekki háð launum sjóðfélagsins heldur er hún föst fjárhæð sem breytist í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs. Oftast er barnalífeyrir hærri vegna fráfalls en vegna starfsorkumissis sjóðfélagsins. Sumir lífeyrissjóðir greiða barnalífeyri lengur en til 18 ára aldurs barnsins. Barnalífeyrir er greiddur til framfæranda barnsins.

## Skipting ellilífeyrisréttinda milli hjóna

Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um heimildir sjóðfélaga til að skipta ellilífeyrisréttindum. Tekið skal fram að ekki er skylt að skipta ellilífeyrisréttindum milli hjóna.

- Skipting ellilífeyrisréttindanna tekur til þeirra sem eru eða hafa verið í hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist.
- Skipting ellilífeyrisréttinda skal vera gagnkvæm, þ.e. hvort hjóna eða sambúðarfólks skal veita hinu sama hlutfall réttinda sinna. Þess vegna þurfa báðir aðilar að skipta ellilífeyrisréttindum sínum. Heimilt er að framselja til makans allt að helmingi ellilífeyrisréttindanna.
- Skiptingin skal aðeins taka til áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða mun standa.

### Skipting ellilífeyrisréttindanna getur verið með eftirfarandi hætti:

- Í fyrsta lagi er heimilt að skipta samtímagreiðslu ellilífeyris, þ.e. þeim greiðslum sem þegar eru hafnar.
- Í öðru lagi er hægt að skipta áunnum ellilífeyrisréttindum enda sé það gert í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist.
- Í þriðja lagi er um að ræða skiptingu þeirra ellilífeyrisréttinda sem munu ávinnast eftir að samkomulag um skiptinguna hefur verið gert.

Skiptingin getur því varðað ellilífeyrisréttindi í nútíð, fortíð og framtíð.

### Samningseyðublað

Landssamtök lífeyrissjóða hafa látið útbúa sérstakan fræðslubækling um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna sem sjóðfélagar og makar þeirra geta nálgast á skrifstofum lífeyrissjóðanna ásamt samningseyðublöðum. Einnig er að finna greinargóðar upplýsingar á vefsíðu samtakanna, [www.ll.is](http://www.ll.is).

## Réttindi í mörgum lífeyrissjóðum

### Mat á réttindum og flutningur iðgjalda

Margir eiga lífeyrisréttindi í fleiri en einum sjóði. Því vakna oft spurningar hvort sjóðfélagar þurfi að halda sérstaklega utan um þessi réttindi og/eða hvort líkur séu á því að þau geti glatast.

Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu, en þó er góð regla að geyma hjá sér upplýsingar um iðgjaldagreiðslur, ekki síst öll yfirlit sem menn fá send frá lífeyrissjóðum.

Til að halda utan um lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðunum og koma í veg fyrir að réttindi glatist er annars vegar haldin svokölluð nafnaskrá lífeyrissjóða og hins vegar er í gildi sérstakt samkomulag um samskipti lífeyrissjóða.

### Nafnaskrá lífeyrissjóða

Gerð hefur verið skrá yfir alla þá sem hafa greitt til lífeyrissjóða. Í þeirri skrá kemur fram til hvaða lífeyrissjóða hver einstaklingur hefur greitt og hvenær síðast var greitt til viðkomandi sjóða. Lífeyrissjóðir veita sjóðfélögum upplýsingar úr skránni.

### Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða

Flestir lífeyrissjóðir landsins eru aðilar að þessu samkomulagi. Helstu atriði samkomulagsins eru eftirfarandi:

- Lífeyrissjóðir veita upplýsingar um iðgjöld hver hjá öðrum til að koma í veg fyrir réttindatap, sérstaklega varðandi framreikning réttinda.
- Í samkomulaginu er kveðið á um flutning iðgjalda milli sjóða þegar kemur að lífeyristöku og skal þá flytja iðgjöld milli sjóða ef þau eru óveruleg.
- Nægjanlegt er fyrir sjóðfélaga að sækja um lífeyri hjá einum sjóði og þá yfirlétt þeim sjóði sem síðast var greitt til.
- Sá sjóður hefur aðgang að nafnaskránni og sér um að senda umsóknina áfram til annarra sjóða.
- Þá starfar sérstök úrskurðar- og umsagnarnefnd sem fjallar um álitamál sem upp kunna að koma vegna réttinda í mörgum sjóðum.

## Skattlagning iðgjalda og lífeyris

### Skattfrelsi iðgjalda

Iðgjöld launþega dragast frá skattskyldum tekjum hans og launagreiðandi getur dregið framlag sitt frá skatti.

### Skattlagning lífeyris

Réttindi hjá lífeyrissjóðum, hvort sem um er að ræða réttindi til ævilangs ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris, eru undanþegin fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum. Lífeyrisgreiðslur eru hins vegar skattlagðar eins og hverjar aðrar vinnutekjur en lífeyrisþegar geta nýtt sér persónuafslátt sinn til að lækka skattana.

Þar sem lífeyrisiðgjöld eru greidd óskattlögð í lífeyrissjóð er komið í veg fyrir tvísköttun lífeyris.

### Samspil bóta almannatrygginga og lífeyrissjóða

Einstaklingur sem fær elli- eða örorkulífeyri hjá almannatryggingum getur einnig átt rétt á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka. Fari tekjur lífeyrisþegans, að undanskildum greiðslum frá Tryggingastofnun, húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, ekki yfir ákveðna upphæð, svokallað frítekjumark, á hann rétt á óskertri tekjutryggingu. Skattskyldar tekjur yfir tekjumarkinu, þ.á.m. lífeyrir frá lífeyrissjóðum, skerða tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Helmingur fjármagnstekna skerðir einnig tekjutryggingu á sama hátt. Nánari upplýsingar má fá hjá Tryggingastofnun ríkisins. Vefslóð heimasíðu er [www.tr.is](http://www.tr.is), en þar er að finna „Reiknhildi“, sem er netreiknivél sem reiknar út hugsanlegar greiðslur að gefnum ákveðnum upplýsingum.



## Viðbótar- lífeyrissparnaður

Auk þess að greiða skyldubundin iðgjöld til lífeyrissjóðs er einnig hægt að leggja til hliðar í svokallaðan viðbótarlífeyrissparnað.

Þeir aðilar sem geta boðið upp á viðbótarlífeyrissparnað eru:

- Lífeyrissjóðir
- Bankar og sparisjóðir
- Verðbréfafyrirtæki
- Líftryggingafélög

Einstaklingur hefur val um til hvaða ofangreindra aðila hann snýr sér varðandi vörslu viðbótarlífeyrissparnaðar.

Hefja má töku viðbótarlífeyris við 60 ára aldur og er inneignin greidd út mánaðarlega á a.m.k. sjö árum eða á lengri tíma eftir vali sjóðfélaga. Ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris eftir 60 ára aldur þá styttest endurgreiðslutíminn sem því nemur. Sjóðfélagi sem hefur töku lífeyris 62 ára má því taka inneignina út á fimm árum eða í einu lagi eftir 67 ára aldur. Einnig er hægt að dreifa greiðslunum á nokkur ár eftir 67 ára aldur, allt eftir óskum sjóðfélagans. Aukinn lífeyrissparnaður opnar þannig möguleika fyrir sveigjanlegri starfslokum en almennt tíðkast og auðveldar mönnum einnig að draga úr vinnu. Í sumum tilvikum kann að vera hagkvæmt að innleysa lífeyrissparnaðinn áður en 67 ára aldri er náð til að koma í veg fyrir að bætur almannatrygginga skerðist.

Viðbótarlífeyrissparnaður byggir ekki á hugmynd um tryggingavernd heldur sparnaði einstaklingsins. Ef alvarlegt slys eða langvarandi veikindi ber að höndum er hægt að fá lífeyrissparnaðinn greiddan út eftir ákveðnum reglum. Falli eigandi sparnaðarins frá er innistæða hans að viðbættum verðbótum og vöxtum greidd út til lögerfingja.

Launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur geta nú greitt allt að 4% af heildarlaunum sínum sem viðbótariðgjöld til lífeyrissparnaðar. Í flestum kjarasamningum hefur einnig verið samið um að launagreiðendur greiði til viðbótar allt að 2% mótframlag.



Lífeyrissparnaður er sérstaklega góður sparnaðarkostur vegna mótframlags launagreiðanda sem bætist við árlega ávöxtun. Ef einstaklingur leggur fyrir 4% af launum og fær til viðbótar 2% sem mótframlag launagreiðanda þá eignast hann til viðbótar 333 krónur fyrir hverjar 667 krónur sem hann sparar þannig að heildarsparnaðurinn verður 1.000 krónur.

*Dæmi: Einstaklingur með 250.000 kr. á mánuði leggur til hliðar 4% í viðbótarlífeyrissparnað eða 10.000 kr. á mánuði. Til viðbótar greiðir síðan launagreiðandinn 2% af 250.000 kr. mánaðarlaunum eða 5.000 kr. á mánuði. Viðkomandi einstaklingur greiðir því í viðbótarlífeyrissparnað 10.000 kr á mánuði en sú fjárhæð sem færð er mánaðarlega inn á séreignarreikning nemur hins vegar 15.000 kr.*

Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum en greiddur er tekjuskattur af útborguninni.

## Skyldutrygging lífeyrisréttinda

Lífeyrissjóðirnir starfa í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frá árinu 1997 með síðari breytingum.

Meginatriði laganna eru þessi:

- **Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur** með sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs.
- **Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 10% af heildarlaunum** fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Iðgjaldið skal að öðru leyti ákveðið í sérlægum, kjarasamningum, ráðningarsamningum eða með öðrum sambærilegum hætti. Samkvæmt kjarasamningum er lágmarksiðgjaldið hjá launþegum almennt orðið 11% sem mun hækka í 12% þann 1. janúar 2007. Iðgjaldahluti launþegans er 4% af launum.
- **Um aðild að lífeyrissjóði fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör** í hlutaðeigandi starfsgrein eða sérlægum ef við á. Taki hins vegar kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa.
- **Lágmarkstrygging.** Í lögunum er skilgreining lágmarkstryggingaverndar sem lífeyrissjóðir þurfa að veita. Lágmarkið er ævilangur ellilífeyrir frá 70 ára aldri hið síðasta. Upphæðin skal nema a.m.k. 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt hefur verið af að jafnaði á 40 ára inngreiðslutíma. Sama lágmark á við um örorkulífeyri með fullum framreikningi. Þá skal fullur makalífeyrir vera að lágmarki 50% af elli- eða örorkulífeyri. Ennfremur eru sett skilyrði um lágmarksfjárhæðir barnalífeyris. Ekki er óalgengt að lífeyrissjóðir tryggi sjóðfélögum sínum betri lífeyrisréttindi en sem nemur þessum lágmarkum.

**Hjá launafólki á almennum vinnumarkaði** ákvarðast skipting iðgjalds til lífeyrissjóða í kjarasamningum og er skipting yfirleitt þannig að launafólk greiðir 4% iðgjald og atvinnurekandi 7% iðgjald, sem mun hækka í 8% frá 1. janúar 2007.

## Mismunandi réttindakerfi

Réttindakerfi lífeyrissjóða geta verið mismunandi af ýmsum ástæðum. Í höfuðatriðum má þó skipta réttindakerfum lífeyrissjóða í tvo meginflokkka.

Í **fyrsta lagi** sjóði sem njóta bakábyrgðar launagreiðenda, einkum lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna. Í slíkum sjóðum lofar launagreiðandinn, t.d. ríkið eða sveitarfélagið, sjóðfélögum sínum ákveðnum gefnum réttindum, án tillits til ávöxtunar sjóðsins eða tryggingaráhættu t.d. vegna langlífis sjóðfélaga eða aukinnar örorkutíðni.

Í **öðru lagi** er um að ræða lífeyrissjóði sem ekki njóta ábyrgðar launagreiðenda, t.d. lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði. Í slíkum sjóðum ráðast lífeyrisréttindin af ýmsum áhrifaþáttum, svo sem raunávöxtun sjóðanna til lengri tíma litið, ævilíikum og tíðni örorku. Réttindin geta því verið mismunandi hjá einstökum lífeyrissjóðum. Jafnvel innan einstaks lífeyrissjóðs geta lífeyrisréttindin verið mismunandi frá einum tíma til annars, allt eftir fjárhagsstöðu sjóðsins.

Í lífeyrissjóðum sem ekki njóta bakábyrgðar launagreiðenda er annað hvort um að ræða að réttindaöflunin er háð aldri sjóðfélagans þ.e.a.s. hversu lengi iðgjaldið verður í ávöxtun hjá viðkomandi lífeyrissjóði, svokallað *aldurstengt réttindakerfi* eða að iðgjald myndar sömu réttindi óháð aldri sjóðfélagans. Réttindaávinnslan er því *jöfn* öll árin. Færst hefur í vöxt að sjóðir með jafna réttindaávinnslu hafa tekið upp aldurstengt réttindakerfi.





### **Blönduð leið jafnrar réttindaávinnslu og aldurstengds réttindakerfis.**

Flestir lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambands Íslands bjóða nú orðið upp á blöndu jafnrar réttindaávinnslu og aldurstengds kerfis. Til að tryggja hagsmuni núverandi sjóðfélaga við breytinguna yfir í aldurstengt kerfi geta þeir sjóðfélagar sem uppfylla tiltekin skilyrði haldið áfram að mynda réttindi í jafnri ávinnslu. Útfærsla breytingarinnar er með þeim hætti að þeir sem þegar hafa áunnið sér réttindi framan af í jafnri ávinnslu geta haldið því áfram upp að tilteknu hámarki. Þeir sem eru ungir hafa aftur á móti hag af því að ávinna sér réttindi miðað við aldurstengda ávinnslu. Þannig er leitast við að haga breytingunum með þeim hætti að þær hafi sem minnst áhrif á sjóðfélagana þegar horft er til réttindaávinnslnnar yfir alla starfsævina. Sérstakt samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldagreiðslum við ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu lífeyrisréttinda gildir milli þessara sjóða.

Loks eru til lífeyrissjóðir sem heimila sjóðfélögum að greiða hluta lágmarksiðgjalds í séreignarsjóð. Hjá þessum sjóðum greiðir séreignarsjóður ellilífeyri fyrstu árin eftir starfslok en aldurstengdur samtryggingarsjóður tekur síðan við og greiðir lífeyri og þá til æviloka. Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða upp á þessa réttindamyndun, sérstaklega sjóðir sem eru í umsjón verðbréfafyrirtækja.

### **Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna og bankamanna**

Reglur um réttindi sjóðfélaga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, Lífeyrissjóði bankamanna og lífeyrissjóðum sem reknir eru á vegum nokkurra stærri sveitarfélaga eru nokkuð frábrugðnar reglum annarra lífeyrissjóða.

Þessum lífeyrissjóðum hefur verið skipt í tvær eða fleiri deildir. Eldra réttindakerfi þeirra hefur verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Það byggir einungis að hluta til á sjóðsöfnun og áunnin lífeyrisréttindi reiknast sem hlutfall af launum sem greidd eru fyrir það starf sem hver og einn gegndi.

Nýrra réttindakerfi þessara lífeyrissjóða byggir að fullu á sjóðsöfnun. Réttindaávinnsla fer eftir fjárhæð greiddra iðgjalda og gilda um hana svipaðar reglur og um lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði, en þó bjóða kerfin upp á jafna réttindaávinnslu. Iðgjaldaframlag launagreiðenda er yfirleitt hærra til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna og bankamanna og réttindaávinnsla sjóðfélaga meiri sem því nemur.



## Landssamtök lífeyrissjóða

Landssamtökin eru heildarsamtök lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Landssamtökin hafa innan vébanda sinna 41 lífeyrissjóð sem í voru um 190 þúsund greiðandi sjóðfélagar í lok árs 2005.

Eignir lífeyrissjóða í Landssamtökum lífeyrissjóða voru um 1.190 milljarðar króna í lok árs 2005 sem svarar til rúmlega 99% heildareigna allra lífeyrissjóða á Íslandi.

**Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða** er m.a. að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga og að vera málsvari gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum í öllu sem varðað getur sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.

**Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða** er að Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sími 563 6450 og fax 563 6401. Veffang er [ll@ll.is](mailto:ll@ll.is) og vefslóð heimasíðu samtakanna er [www.ll.is](http://www.ll.is). Á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða eru m.a. birtar fréttir um lífeyrismál héraendis og erlendis. Framkvæmdastjóri samtakanna er Hrafn Magnússon.

## Skrá yfir lífeyrissjóði 2006

Almenni lífeyrissjóðurinn	Kirkjusandi	155 Reykjavík	440 4900
Eftirl.sjóður. F.Í.A.	Hafnarstræti 5	155 Reykjavík	410 7163
Eftirlsj. starfsm.Hafnarfj.kaupst.	Strandgötu 11	220 Hafnarfirði	565 3790
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	Tjarnargötu 12	230 Reykjanesbær	421 6700
Eftirlaunasj. Sláturfélags Suðurlands	Fosshálsi 1	110 Reykjavík	575 6000
Eftirlsj.starfsmanna. Íslandsbanka h.f.	Kirkjusandi	155 Reykjavík	440 4000
Eftirlsj. starfsm. OLÍS h.f.	Hafnarstræti 5	155 Reykjavík	410 7163
Eftirlsj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	Kirkjusandi	155 Reykjavík	440 4000
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Borgartúni 19	105 Reykjavík	444 6000
Gildi – lífeyrissjóður	Sætúni 1	105 Reykjavík	515 4700
Íslenski lífeyrissjóðurinn	Hafnarstræti 5	155 Reykjavík	410 7101
Lsj. Akraneskaupstaðar	Stíllholti 16-18	300 Akranesi	433 1000
Lsj. Austurlands	Egilsbraut 25	740 Neskaupstað	470 0200
Lsj. bankamanna	Suðurlandsbraut 24	108 Reykjavík	569 0900
Lsj. bænda	Bændahöllinni	107 Reykjavík	563 0300
Lsj. Eimskipafélags Íslands	Hafnarstræti 5	101 Reykjavík	410 7161
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	Hafnarstræti 5	155 Reykjavík	410 7163
Lsj. hjúkrunarfræðinga	Bankastræti 7	101 Reykjavík	510 6100
Lsj. Lífiðn	Stórhöfða 31	110 Reykjavík	580 5200
Lsj. Mjólkursamsölnunnar	Hafnarstræti 5	155 Reykjavík	410 7163
Lsj. Neskaupsstaðar	Vegmúla 2	108 Reykjavík	540 0700
Lsj. Norðurlands	Strandgötu 3	600 Akureyri	460 4500
Lsj. Rangæinga	Suðurlandsvegi 3	850 Hella	487 5002
Lsj. Skjöldur	Aðalstræti 6	101 Reykjavík	515 2000
Lsj. Suðurlands	Tjarnargötu 12	230 Reykjanesbær	421 6666
Lsj. stm. Áburðarverksm.	Hafnarstræti 5	155 Reykjavík	410 7162
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	Strandgötu 3	600 Akureyri	460 4500
Lsj. starfsm. Búnaðarbanka Ísl. h.f.	Borgartúni 19	105 Reykjavík	444 6000
Lsj. starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	Vegmúla 2	108 Reykjavík	540 0700
Lsj. starfsmanna Kópavogsbæjar	Fannborg 2	200 Kópavogi	570 1500
Lsj. starfsmanna Reykjavíkrapóteks	Efstaleiti 9	103 Reykjavík	570 4000
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	Vegmúla 2	108 Reykjavík	540 0700
Lsj. starfsmanna ríkisins	Bankastræti 7	101 Reykjavík	510 6100
Lsj. starfsmanna sveitarfélaga	Vegmúla 2	108 Reykjavík	540 0700
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	Pósthólf 60	902 Vestm.eyjar	488 2000
Lsj. Tannlæknafél. Íslands	Hafnarstræti 5	155 Reykjavík	410 7163
Lsj. verkfræðinga	Engjateigi 9	105 Reykjavík	568 8504
Lsj. verzlunarmanna	Kringlunni 7	103 Reykjavík	580 4000
Lsj. Vestfirðinga	Hafnarstræti 9-13	400 Ísafirði	456 4233
Lsj. Vestmannaeyja	Pósthólf 265	902 Vestm.eyjar	481 1008
Lsj. Vesturlands	Kirkjubraut 40	300 Akranesi	431 1577
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Borgartúni 30	105 Reykjavík	510 5000
Samvinnulífeyrissjóðurinn	Kringlunni 7	103 Reykjavík	520 5500
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Skúlagötu 17	101 Reykjavík	510 7400
Greiðslustofa lífeyrissjóða	Sætúni 1	105 Reykjavík	563 6400
Landssamtök lífeyrissjóða	Sætúni 1	105 Reykjavík	563 6450
Umsjónarnefnd eftirlauna	Sætúni 1	105 Reykjavík	563 6400

## Eftirtaldir lífeyrissjóðir eru með vefsíður:

Almenni lífeyrissjóðurinn	<a href="http://almenni.is">almenni.is</a>
Eftirlaunasjóður FÍA	<a href="http://landsbanki.is/Is/efia">landsbanki.is/Is/efia</a>
Eftirlaunasjóður OLÍS	<a href="http://landsbanki.is/Is/olis">landsbanki.is/Is/olis</a>
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	<a href="http://kblifeyrir.is">kblifeyrir.is</a>
Gildi – lífeyrissjóður	<a href="http://gildi.is">gildi.is</a>
Íslenski lífeyrissjóðurinn	<a href="http://landsbanki.is">landsbanki.is</a>
Lífeyrissjóður Austurlands	<a href="http://lifaustr.is">lifaustr.is</a>
Lífeyrissjóður bankamanna	<a href="http://lifbank.is">lifbank.is</a>
Lífeyrissjóður bænda	<a href="http://lsb.is">lsb.is</a>
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	<a href="http://landsbanki.is/Is/eim">landsbanki.is/Is/eim</a>
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	<a href="http://landsbanki.is/Is/flu">landsbanki.is/Is/flu</a>
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	<a href="http://lsr.is">lsr.is</a>
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	<a href="http://lifidn.is">lifidn.is</a>
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar	<a href="http://landsbanki.is/Is/ms">landsbanki.is/Is/ms</a>
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	<a href="http://lss.is">lss.is</a>
Lífeyrissjóður Norðurlands	<a href="http://ln.is">ln.is</a>
Lífeyrissjóður Rangæinga	<a href="http://lifrang.is">lifrang.is</a>
Lífeyrissjóður Suðurlands	<a href="http://lifsud.is">lifsud.is</a>
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksm.	<a href="http://landsbanki.is/Is/abv">landsbanki.is/Is/abv</a>
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	<a href="http://lsa.is">lsa.is</a>
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupst.	<a href="http://lss.is">lss.is</a>
Lífeyrissjóður starfsm. Reykjavíkurborgar	<a href="http://lss.is">lss.is</a>
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	<a href="http://lsr.is">lsr.is</a>
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	<a href="http://lss.is">lss.is</a>
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	<a href="http://landsbanki.is/Is/tan">landsbanki.is/Is/tan</a>
Lífeyrissjóður verkfræðinga	<a href="http://lifsverk.is">lifsverk.is</a>
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	<a href="http://live.is">live.is</a>
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	<a href="http://lvest.is">lvest.is</a>
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	<a href="http://lsv.is">lsv.is</a>
Lífeyrissjóður Vesturlands	<a href="http://lifvest.is">lifvest.is</a>
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	<a href="http://lifeyrir.is">lifeyrir.is</a>
Samvinnulífeyrissjóðurinn	<a href="http://sls.is">sls.is</a>
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	<a href="http://sl.is">sl.is</a>
Landssamtök lífeyrissjóða	<a href="http://ll.is">ll.is</a>